



VETURLIÐI MEÐ STÓRSÝNINGU

Armenar með listmuni

legu.

Yfir sýningu hans er hressandi blær, sjávarlykt, lykt af veiðarfærum, þangi og blautum sjómönnum og vatnsósa bátum.

Aðalverk sýningarinnar eru líklega olíumyndirnar. Sumar höfum við séð áður, þar á meðal hið merka eintak, sem Listasafn Íslands hefur nú fest kaup á, dularfull mynd, sem lýsir samskiptum manna við landið og hvernig hús, sjór og hin blýþungu fjöll mynda eina heild, — að manneskjan með sínar fasteignir og veðmálabækur séu ekki alltaf aðskotadýrr í heimi listanna.

Þá sýnir Veturlíði þarna vatnslitamyndir. Sumar eru „ekta veturlíði“, fljúgandi fuglar, stormur á hafi, og það er naumast sjóveður lengur. Menn halda að sér höndum og sitja heima í gegnumtrekki og vorvindurinn gnaubar.

Nokkuð hefur Veturlíði reynt að breyta um lit, og má þá sannarlega vara sig á Jóni Engilberts, án þess að um stælingar sé að ræða. Það er aðeins einu sinni svo, að sumir litir eru fráteknið í þessu landi og þá verðum við öll að varast, ef við

viljum ekki gerast sek um stælingar og annað verra. Þá eru nokkrar myndir í tassissma, en Veturlíði á sér langa, oft persónulega sögu í þeirri listgrein og flatar myndir í einhverskonar arabískum stíl undir áhrifum frá kunnnum málurum, erlendum, eins og til að mynda frá ýmsum þekktum spænskum málurum. Ekki er þetta nú ritað til þess að finna að tilraunastarfi Veturlíða, heldur til þess að minna hann á að hann hefur persónulegan stílsem hann þarf að reyna að þróa sem slíkan.

Þá eru þarna að finna myndir undir áhrifum frá Asgrími Jónssyni, og er það miður.

Við, sem höldum upp á Veturlíða, höfum þó sem fyrr ánægju og unað af hinum hressandi blæ, sem jafnan fylgir sýningum hans og gerir þær svo eftirtektarverðar, og við hvetjum menn til þess að sækja þessa miklu sýningu málans.

Listmunir frá Armeníu

Skammt er nú stórra högga á milli á Kjarvalsstöðum, hvað erlenda myndlist varðar. Nú

höfum við fengið listmuni frá Armeníu til sýnis. Þetta virðast hinir merkustu gripir, en vefnaðurinn fer óttalega kaudalega í kaffistofunni. Þyrfti endilega að endurskipuleggja þessa sýningaraðstöðu í veitingahúsinu, það er hægt til dæmis með ljósum (eða í öðrum lit) skilveggjum, og aðgangur þyrfti að vera betri að skápunum, þannig að þeir nytu sín betur.

Væri það verðugt verkefni fyrir listaráð og forstjóra, að finna í samráði við arkitekt, hentugri grundvöll fyrir „minniháttar“ sýningar. Má til dæmis benda á ganga, sem sjaldan eru notaðir, þeir er liggja með Austur- og Vesturlandi, ellegar þá reyna að koma nýju skipulagi á veitingahúsið.

Það eru sovétkir kynningardagar MÍR, sem standa að þessari sýningu og þeir kynna hana svofelldum orðum:

Listmunir frá Armeníu

„Félagið MÍR, Menningar- tengsl Íslands og Ráðgjafaríkjanna, fitjar á þessu ári upp á nýjung í félagsstarfinu með því að efna til svonefndra sovétkra kynningardaga. Er ætlunin að

stofna til slíkra daga árlega og helga þá sérstaklega hverju sinni einu hinna 15 lýðvelda Sovétríkjanna. Til þátttöku í kynningardögum þessum koma hingað listamenn frá víðkomandi sovétlýðveldi og sýningar af ýmsu tagi verða settar upp.

Á þessu ári er Armenía, eitt sovétkra Kákasuslýðveldanna, kynnt sérstaklega og einkum lögd áherzla á að kynna fáeina þætti fjölskrúðugs og gamalgróins menningararfs Armena, m.a. á sviði dans- og tónlistar, myndlistar og handíða.

Munirnir, sem til sýnir eru að Kjarvalsstöðum í nóvember 1976, eru fengnir að láni frá Erevan, höfuðborg Sovét-Armeníu. Þeir eru úr ýmsum áttum, gamlir og nýir, og gerðir bæði af atvinnulistamönnum og áhuga-fólki úr röðum alþýðu.

A veggjum kaffistofunnar eru 15 flosteppi og ofnar myndir eftir armensk börn og unglinga, en sýningarmunir í glerskápum.

Mikill fengur er að þessari sýningu, en þó þyrftu borgarar að fá leiðsögn, a.m.k. á einhverjum tíma dagsins, og bæri að auglýsa það fyrirfram.

Jónas Guðmundsson

BREIÐFIRÐINGUR 34. árg. 1975

Það var einhvern tíma í haust, er ég kom heim af rölti hér um nágrennið, að „Breiðfirðingurinn“ lá við dyrnar hjá mér. Það lyftist heldur á mér brúnn. Hver var nú svo rausnarlegur í útlátum, að senda mér þetta gamalgróna tímarit. Gamalgróid má það heita, því á titilsíðu stendur, að þetta sé 34. árgangurinn, en um nokkur ár hafði ég ekki séð það.

Breiðfirðingafélagið hér í Reykjavík hefur gefið það út frá upphafi. Margir hafa verið ritstjórar, en líklegast lengst allra séra Arellus Nielsson.

Í þessum árgangi kennir margra grasa, í bundnu máli og óbundnu.

Drýgstur við ljóðagerðina mun vera Hallgrímur frá Ljárskógum og fleiri eiga þar laglegar visur.

Góðar þykja mér minningar gamallar sveitakonu, Jónfríðar Jónsdóttur, sem Steinunn Guðmundsdóttir frá Heinabergi hefur skráð. Þar bregður fyrir svo mörgu fólki, sem ég heyrði talað um á æskuárum mínum en sá fæst. Jónfríð var áttud utan af Snæfellsnesi, en fluttist ung inn í Stykkishólm og lærði að búa til „finan veizlumat og húshald af finustu gerð“ hjá kaupmönnum. Þaðan fór hún að Stabarfelli og gerðist ráðskona hjá Hannesi sýslumanni Hafstein. Síðan að Hvalgröfum til séra Friðriks Eggerz. — Þær munu ekki hafa verið margar stéttarsystur Jónfríðar í sveitinni á þeim árum, er státað gátu af slíkum frama áður en þær hófu búskap sjálfar. Vel ber hún öllum húsbændum sínum söguna, þótt ólíkir muni þeir hafa verið. Kemur það víst engum á óvart, sem eitthvað hefur heyrt eða lesið um þessa menn. — Kaupmennirnir veittu vel viðskiptavinum sínum, Hannes sýslumaður vildi fá heitt þús fyrir sína gesti, en séra Friðrik gott kaffi fyrir sína beztu vini, hinir fengu víst lítið hjá karli. Svo virðist, sem hinn umdeildi og litt orðvari sveitaklerkur hafi verið dutlungakar og mikið meiri „aristokrat“ en heimsmaðurinn og glæsímennið

Hannes Hafstein.

Eftir að Jónfríður hætti ráðskonustörfum hjá þessum höfðingjum, giftist hún Alexander Loftssyni og bjuggu þau lengi í Frakkanesi á Skarðsströnd. Lengst af þeim tíma mun hún hafa haft minna fyrir framan hendur en meðan hún veitti forstöðu heimilum embættismannanna. En úr því efni var Jónfríður gerð, að hún lét það lítt á sig fá og hélt reisu sinni og fullum manndómi til æviloka. — Jónfríð sá ég aldrei, en hjá Hans jinu systur hennar var ég ungur strákur heilan vetur. Þann tíma var hún mér svo góð, sem hún ætti í mér hvert bein. Þær systur munu hafa verið líkar.

Eftirfarandi vísa er birt með öðrum, eftir Guðmund Einarsson á Hjallasandi:

Borið hef við að brýna ljá, báta lét ég synda. Reynt hef líka að raka og slá, rýja, tæta og binda.

Og Guðmundur getur gert fleira en það sem hann telur upp í vísunni. Hann er afbragðs bílstjóri. Eitt sinn flutti hann mig á jappa sínum af Sandi út á Öndverðar-nestá, eftir þeim mesta tröllavegi sem ég hef farið í bil. Ég hef ekki trú á, að aðrir hefðu lagt bil sinn í annað eins torleiði fyrir litla eða enga borgun. Ég stend enn í þakkarskuld við hann fyrir þann flutning.

„Hollt es heima hvat“ heitir ritgerð, sem séra Arellus Nielsson skrifar um séra Ólaf Sivertsen, prest í Flatley frá 1823-1860. Ég lít svo á, að hún sé burðarásinn í þessum árgangi. Fyrir þá, sem lítið eða ekkert hafa vitað um sr. Ólaf prest áður, er ritgerðin fróðleg lesning, en fyrir aðra, t.d. þá sem lesið hafa Vestlendinga Lúðvíks Kristjánssonar, er lítið á henni að græða. En látum svo vera. Góð vísa er aldrei of oft kveðin. Og mörg blessunarorð mætti séra Ólafur mæla til þessara tveggja ávisöguritaranna sinna fengi hann því við komið, svo mjög sem ummæli þeirra stangast á við það, sem almennt var

um hann talað meðan hann var ofar moldar. En þetta er eins og gerist og gengur.

Séra Arellus skrifar líka viðtal við hjónin Andrés Gíslason (nú dáinn) og Guðnýju Gestdóttur frá Hamri í Múlasveit. Samtalið gefur allgóða mynd af þeim hjónum. Samt held ég, að myndin hefði orðið fyllri ef höfundurinn hefði setið á klettunum fyrir ofan bæinn á Hamri í stað þess að skunda út í Kaupmannahöfn og skrifa samtalið þar, — því ekki býst ég við, að viðtalið hafi farið fram í þeirri glöðu borg. Ég held, að Andrés eigi enn eitthvað inni hjá Múlsveitungum.

Gunnlaugur Valdemarsson frá Rúfeyjum skrifar um Rúfeyjar á Breiðafirði, æskuheimili sítt. Hann lýsir eyjunum og telur þar upp fjölda örnefna. Líklegt þykir mér, að sú upptalning sé tæmandi, þó að sökum ókunnugleika þori ég ekkert um það að fullræða. Annars er eins og einhver örnefnauppgangur hafi gripit breiðfirzka eyjamenn. Varla rekt maður á mann þaðan, án þess að hann sé að safna örnefnum. Er það að líkindum vegna þess, að svo mikið af byggðum fjarðarins er komið í eyði. Eflaust ber þessi örnefnaá hugi vott um ræktarsemi til áttahanna, er það vel. En verra er, ef engum tveimur söfnurum getur borið saman, iafnvel á svo litlum evium sem Rúfeyjar eru. — Það er líkt með örnefnafræði og ættfræði að þær vísindagreinar má nota til margra góðra hluta sé rétt á þeim haldið.

Hvers vegna er enn verið að spyrja, hvort Torfi í Olafsdal hafi verið á búnaðarskóla í Flatley á Breiðafirði? Ég veit ekki betur en Lúðvík Kristjánsson rithöfundur hafi upplýst fyrir mörgum árum að svo hafi verið, sbr. Vestlendinga (síðara bindi, seinni hluti) bls. 299. — En væri of frekt að spyrja — eða slettirekuskapur — hvers vegna afkomendur Torfa, sem margir munu vera hinir mætustu menn, láta ekki skrifa ávisögu hans. Ef nokkur af búnaðarfrömuðum

landsins liggur óbættur hjá garði, þá er það Torfi í Olafsdal.

Einhver „—kr“ skrifar viðtal við Baldvin Jónsson í Sylgju. Baldvin er það að þakka meira en nokkrum öðrum manni, að aðardúnn er enn hreinsaður á Íslandi.

Baldvin segir: — „Ég var eitt sinn í sumarleyfi hjá bónda, sem hafði aðarvarp. Fór hann þess á leit við mig, að ég finndi upp vél til að hreinsa í dúnn. Ég hafði þá sjálfur aldrei komið í aðarvarp. Ég fékk strax áhuga á því að smíða dúnnhreinsunarávél, og árið eftir, að hann hafði stungið þessu að mér, fékk hann vélina, sem reyndist vel. Þetta var árið 1954.“

Höfundur viðtalsins segir, að Baldvin sé búinn að finna upp fjórar vélar til dúnnhreinsunar. Vel má það vera. Að líkindum er það þó ekki nema ein vél, sem hann er alltaf að endurbæta og fullkomna. Og það ber öllum saman um, sem ég hef heyrt á þetta minnst, að hann hafi náð frábærum árangri á þessu sviði. Auk þess að smíða hreinsunarávélina, hefur hann smíðað „bökunarofn“ til að hita dúnninn í áður en hann er látinn í hreinsunarávélina. Og loks hefur hann fundið upp og smíðað vél til að reita lunda og annan fugl. Geri aðrir betur síðan 1954!

Baldvin kváð vera Þingeyingur að ætt, en hann er giftur breiðfirzki konu — og það veit ég, að hann er vel giftur. Ef hið unga aðarræktarfélag væri einhvers megnugt, ætti það að verðlauna Baldvin myndarlega og gera þau hjón að heidursfélögum sínum. Þau væru vel að þeirri viðurkenningu komin.

Sjaldgæf og leiðinleg mistök hafa orðið í upphafi síðustu ritgerðarinnar í bókinni, þar sem vitnað er í ljóðmáli. Verður sá misgáningur eflaust leiðrétur í næsta árgangi — hefði þó átt að vera búid að því.

Margt fleira er í þessum árgangi, sem er einn af þeim beztu, sem ég hef séð, en ekki er rúm til að tíunda hér. Svo þakka ég góðum manni sendinguna. Bergsveinn Skúla son.

Auglýsið í Tímanum

Alþýðuleikh

